



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## LEIKSKÓLINN LUNDUR

2023 – 2024



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:


Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós og einkunnarorð leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 .....	5
3 Innra mat xxx deildar.....	11
4 Innra mat sérkennslu (á ekki við) .....	12
5 Innra mat – fjöltyngd börn (á ekki við) .....	12
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....	13
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
8 Foreldrasamvinna.....	14
9 Fylgigögn.....	15
9.1 Leikskóladagatal Lundar .....	15
9.2 Langtímaplan .....	15
9.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs berst í sept/okt. 2023. ....	15



## Leiðarljós og einkunnarorð leikskólans



### Leiðarljós

Í Lundi sitja allir við sama borð. Við sýnum börnunum, hvort öðru, foreldrum og öðrum aðstandendum barnanna, gestum og gangandi, sömu virðingu og velvilja, óháð kyni, kynhneigð, trú, uppruna, þjóðerni, stjórnmálaskoðunum, heilsufari, fötlun og aldri.

### Einkunnarorð:

**Virðing** Í Lundi er ávallt haft að leiðarljósi að fólk komi fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Frá fyrsta degi er lögð áhersla á að hver einstaklingur fái jákvæða og góða sjálfsmynd þegar hann speglar sig í framkomu starfsfólksins og hinna barnanna.

**Væntumþykja** Andlegt öryggi barnanna í Lundi er ekki síður mikilvægt en líkamleg umhirða þeirra. Þarfir barnanna eru því í fyrirrúmi og starfsfólkið er ætíð tilbúið til þess að sinna þeim. Þetta gerir starfsfólk Lundar af þeirri væntumþykju og alúð sem þarf til að börnin finni alla þá elsku sem þau þarfnast hverju sinni.

**Velliðan** Velliðan barna í leikskóla er forsemda þess að þau geti notið þess sem þar er boðið upp á, í námi og starfi.

**Virknir** Sé fyrrnefndum þörfum barnanna fullnægt leiðir það af sér virka og örugga einstaklinga sem eru tilbúnir til þess að rannsaka og tileinka sér allt á milli himins og jarðar.

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Líkt og undanfarin leikskólaár hefur lánið leikið við okkur í Lundi. Flest gekk upp og allt sem mestu máli skiptir. Ekkert vandamál, hvorki lítið né stærra, reyndist óyfirstíganlegt og allir komust heilir heim í lok dags en það er þakkarvert.

Talsverð þróun hefur verið innan leikskólans. Dagskipulagið hefur nú sem endranær verið endurskoðað með tilliti til meiri sveigjanleika með þeim árangri að börnin hafa ennþá meira val. Lífið teygir anga sína um húsið og það breytist í þann töfraheim sem leikskólar eiga að vera, þar eru skógar fullir af dýrum, þar er eldhúsið heima með sjóðandi bullandi pottum og pönnum, að ógleytum stórvirkum vinnuvélum sem moka í burtu öllu því sem fyrir verður. Þessir leikir eru gjörningar án óhreininda ólíkt því sem gerist þegar hann færist út á útivistarsvæðið.

Starfsfólk í Lundi er og hefur verið einstakt. Það stendur sína plikt. Fyrir það ber að hrósa og þakka.

Foreldrar í Lundi sýndu af sér og hafa sýnt mikið æðruleysi og skilning gagnvart öllum breytingum á starfsemi leikskólans sem oftast en ekki hefur átt sér stað með litlum sem engum fyrirvara. Fyrir það ber einnig að hrósa og þakka.

Í lok hvers leikskólaárs er það mikil gæfa hvers leikskóla og starfsfólks hans að geta með stolti horft um öxl og sagt: Hér eru og voru hamingjusöm börn sem öll komust heil heim að kvöldi dags, döfnuðu og þroskuðust, sátt og sæl við allt og alla.

Á þessu leikskólaári eru það nemendur fæddir 2020 og 2021, sem kveðja í Lundi og takast á við annað leikskólastig í öðrum leikskóla. Það er bæði með þakklæti og eftirsjá sem starfsfólkið í Lundi kveður þá og fjölskyldur þeirra.

Nú tekur við leikskólaárið 2023-2024 með nýjum meisturum sem fæddir eru 2022 og 2023. Þessi börn munu áfram njóta breiðu brosanna og hlýjunnar sem umvefur þau, hvetur og huggar í fjarveru foreldranna. Furðu fljótt aðlagast börnin nýjum aðstæðum og augu þeirra opnast fyrir óteljandi möguleikum leikskólalífsins.

Valgerður H. Valgeirsdóttir

## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

### Sjónarmið barnanna og vægi þeirra:

Lagðir voru fram mismunandi kubbar að lit, lögun og virkni. Kubbunum sem börnin sýndu mestan áhuga var haldið eftir en hinir fjarlægðir.

- **Styrkleikar:** Börnin fá að velja á milli ólíkra hluta og læra að þau geta haft áhrif á hvaða viðfangsefni þau leika sér með.
- **Veikleikar:** Yngstu börnin missa oftast en ekki áhugann á sínum kubbum og vilja taka kubbana af barninu við hliðina.

Slysagildrulausar hillur voru byggðar í sjónlínu barnanna. Á hillurnar var komið fyrir ýmsum viðfangsefnum sem börnin geta náð í og leikið sér með. Þetta er breyting frá því sem áður var.

- **Styrkleikar:** Börnin velja á milli ólíkra viðfangsefna og komast að því að einnig þau geta haft áhrif á viðfangsefni dagsins.

### **Tækifæri til umbóta:**

- Að kenna börnunum að virða rétt hvers og eins til sinna viðfangsefna.
- Að kenna börnunum að skiptast á, æfa sig að bíða, vera þolinmód og skilja hvort annað.

### Jafnrétti:

Í Lundi er Jafnrétti stöðugt lifandi í umræðunni á meðal barnanna, á milli barna og starfsmanna og á meðal starfsmanna með vísan í námskrá Lundar.

### Öryggismál:

Öryggi barnanna í Lundi er ætíð í hávegum haft í samræmi við Námskrá Lundar og Öryggishandbók Lundar. Annað hvert ár kemur forvarnarfulltrúi til þess að halda námskeið fyrir starfsfólkið en á þessu ári var skerpt á forvörnum í leikskólanum. Höfð er til hliðsjónar Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólanum. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014) og Öryggishandbækur leikskólans.



## Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<p>Sjónarmið barnanna og vægi skoðanna þeirra og lýðræðis.</p> <p>Aðgengi barnanna að viðfangsefnum í leikskólanum.</p>	<p>Lagðir voru fram mismunandi kubbar fyrir börnin.</p> <p>Mismunandi tilboð á leikföngum.</p>	Börn og starfsfólk leikskólans.	<p>Aukið hugmyndaflæði og framkvæmd á verkefnavali.</p> <p>Börnunum er gert kleyft að uppfylla langanir sínar með aðgerðum þegar málkunnátta hrekkur ekki til.</p> <p>Ánægðari börn.</p> <p>Verkefnið er enn í gangi og heldur áfram.</p>
Jafnrétti	Símat á jafnrétti meðal barnanna, á meðal starfsmanna og á milli þeirra.	Börn og starfsfólk leikskólans.	Verkefnið er enn í gangi og heldur áfram.
<p>Öryggismál</p> <p>Forvarnir</p>	<p>Með símati og athugunum á;</p> <p>-leik og námi -matartíma -hvíldartíma -bleiuskiptum -umhverfi leikskólans innan sem utandyra.</p>	Forvarnar- og öryggisteymi leikskólans.	Verkefnið er enn í gangi og heldur áfram.



## Ytra mat

### Skóla- og frístundasvið:

Tölfræði- og rannsóknasvið kom í reglubundið eftirlit. Fyrir heimsóknina fékk leikskólastjóri sendan lista með spurningum sem hann svaraði:

- Engar athugasemdir voru gerðar.

### Heilbrigðiseftirlit:

Fulltrúi heilbrigðiseftirlits kom í árlega heimsókn sína. Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar.

- **Flugunet þarf í eldhúsglugga.**  
Verður lagfært í júlí næstkomandi.
- **Skipta þarf um þverspítur í hluta girðingar.**  
Verður lagfært í júlí næstkomandi.
- **Fylla þarf á sandkassann.**  
Verður lagfært í júlí næstkomandi.
- **Finna þarf aðra þvottaðstöðu fyrir Lund.**  
Verkefninu verður lokið í júlí næstkomandi.
- **Koma þurfti upp útbúnaði til þess að þrifa upp það sem spillist niður í erli dagsins.** (Ekki er heimilt að nota ræstingaraðstöðu Lundar í þeim tilvikum)  
Brugðist hefur verið við athugasemdinni með úrbótum.

### Eldvarnareftirlit:

Eldvarnareftirlitið kom í heimsókn.

- Engar athugasemdir voru gerðar.



## Ytra mat

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Innra starf leikskólans Lundar	Skóla- og frístundasvið sendi Tölfræði- og rannsóknasvið i eftirlit. Sendur var spurningarlisti fyrir heimsóknina.	Leikskólastjóri, starfsfólk og börn í Lundi.	Engar athugasemdir voru gerðar.
Húsakostur Lundar Útivistarsvæði Lundar	Heilbrigðiseftirlit kom í árlegt eftirlit.	Heilbrigðiseftirlit.	Flugunet þarf í eldhúsglugga.  Lagfæra þarf þverspítur í hluta girðingar.  Finna þarf aðra þvottaaðstöðu fyrir Lund.  Útbúa þarf sérstaka aðstöðu fyrir ræstitæki vegna ófyrirsjáanlegra þrifa í önnum dagsins
Húsakostur Lundar	Árleg heimsókn Eldvarnareftirlits.	Eldvarnareftirlit.	Engar athugasemdir voru gerðar.





## Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
<b>Samskipti/ hvatning</b>	Stjórnendur láti sér annt um velferð starfsmanna leikskólans.	Stjórnendur temja sér umburðarlyndi í garð starfsfólks og hvers annars um leið og þeir hvetja það til góðra verka.	Stjórnendur leikskólans	Ágúst 2023	Nóv. 2024	Í starfsþróunarviðtölum og á starfsmannafundum. Stuðst verður við Viðmið og vísbendingar SFS	Allir viðkomandi eru sáttir með framlag hvers og eins í leikskólanum.
	Réttlátar vinnureglur.	Stjórnendur hvetja til opinna og heiðarlegra samræðna á fundum. Þeir hvetja allt starfsfólk til þess að tjá sig um útfærslu daglegs /faglegs starfs og hvort það sé á skjön við Námskrá Lunda.	Stjórnendur leikskólans	Ágúst 2023	Nóv. 2024	Í starfsþróunarviðtölum og á starfsmannafundum. Stuðst verður við Viðmið og vísbendingar SFS.	Starfsmenn eru ánægðari í starfi og finnst framlag þeirra metið að verðleikum.
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
<b>Uppeldisfræðilegar skráningar</b>	Gera styrkleika getu og áhuga barnanna sýnilegri starfsfólki og foreldrum.	Fræðsla um uppeldisfræðilegar skráningar.	Leikskóla-stjóri	Hafið	Okt. 2024	Með, öflun gagna og umræðu um verk og vinnslu skráninga.	Starfsfólki og foreldrum finnst þeir þekkja barnið betur.
<b>Menning</b>							
<b>Upplifun</b>	Aukið menngarlíf í Lundi.	Hreyfing/dans.	Stjórnendur leikskólans	Hafið	Des. 2024	Metið á starfsmannafundum. Viðmið og vísbendingar SFS.	Gleði, áhugi og virkni barna og fullorðinna.



Mannauður							
Hlutverk Leikskólakennara	Að leikskólakennarar og aðrir kennarar miðli starfsmönnum af faglegri þekkingu sinni með áherslu á þemu leikskólans.	Faglegri vinna starfsfólks í daglegu starfi með vísan til þema leikskólans	Fagteymi leikskólans	Hafið	Okt. 2024	Aðalnámskrá leikskóla, Námskrá Lunda Símat Viðmið og Vísbendingar SFS..	Samvinna og samábyrgð einkennir liðsandann. Starfsfólkið ræðir starfshætti sína, deilir þekkingu sinni, veitir leiðsögn og styður hvert annað.
Leikskólabragur							
Velferð og líðan barnanna.	Virðing.	Skilgreinum virðingu og horfum á hvernig hún birtist í Lundi.	Stjórnarteymi	Sept. 2023	Okt. 2024	Á starfsm. Fundum.	Í Lundi kemur fólk fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Hver einstaklingur fær góða og jákvæða upplifun þegar hann speglar sig í augum starfsfólksins og hinna barnanna.
	Væntumþykja.	Skilgreinum væntumþykju og horfum á hvernig hún birtist í Lundi.	Stjórnarteymi	Sept. 2023	Okt. 2024	Á starfsm. Fundum.	
Innra mat							
	Sjá fylgiskjal 9.2 Ytra mat - langtímaplan.						



### 3 Innra mat xxx deildar

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Kennsla þula og ljóða</b>	Vægi þula og ljóða í dagskipu- laginu.	Aukin áhersla á að finna fleiri leiðir innan dagskipu- lagsins til þulu- og ljóðakennslu.	Fagteymi leikskólans	Hafið	Verkefn- ið er enn í gangi og lýkur í júlí 2023.	Fagteymi og annað starfsfólk meta undirtektir barna og starfsfólks.	Að börnin þekki og taki þátt í flutningnum eins og aldur og þekking leyfa.
<b>Útivera/ útinám</b>	Valið.	Í valinu býðst barninu útivera/ útinám.	Fagteymi leikskólans	Hafið.	Verkefni lýkur júlí 2023.	Fagteymi/ starfsfólk meta undirtektir .	Aukið lýðræði í Lundi.
<b>Bætt samskipti barnanna</b>	Auka þolinmæði barnanna og kenna þeim að taka á deilumálum vegna leikfanga.	Grípa inn í þegar börn deila um leikfang og útskýra fyrir þeim valkostina að bíða, skiptast á eða velja eitthvað annað.	Starfsfólk leikskólans	ágúst 2023	okt/ nóv 2024	Með umræðu um samskipti barnanna í lok tímabils.	Árekstrum barnanna hefur fækkað.



## 4 Innra mat sérkennslu (á ekki við)

### Mat á sérkennslu 2022-2023

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b>  Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.  Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b>  Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b>  Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	

### Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn (á ekki við)

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?  Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	
<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?  Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?  Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	



## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024 (á ekki við)

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

## 6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Starfspróunarsamtöl verða tekin í maí/júní.

Nýttur verður viðtalsrammi fyrir einstaklingsviðtal úr *Leiðbeiningum um innra mat Leikskóla*.

Hver starfsmaður fær í hendur til undirbúnings fyrir samtalið:

- Spurningar til umhugsunar og samræðna er varða m.a; væntingar starfsmanna til vinnustaðarins, innra starfsins og nýjunga.
- Aðalnámskrá leikskóla, 2011
- Námskrá Lundar.
- Starfsáætlun Lundar.
- Námsvísi Lundar.
- Forvarnar- og öryggishandbækur Lundar.

### Fræðsla leikskólaárið 2022-2023:

- Herdís Storgaard, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Miðstöðvar slysavarna barna hélt námskeið í forvörnum, slysa og öryggismálum með sérstaka áherslu á ung börn í leikskólum.



## Áætlun um fræðslu leikskólaárið 2023-2024:

Stefnt er að eftirtöldum atriðum í áætlun um fræðslu á leikskólaárinu:

- Fyrirlestur um þroskaferli ungra barna.
- Fræðsla um uppeldisfræðilega skráningu í leikskóla.
- Sjá, heyra og upplifa hvað aðrir leikskólar eru að gera.

### **7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Á ekki við.

### **8 Foreldrasamvinna**

Í Námskrá Lundar er kafli sem heitir Leikskólinn og fjölskyldan, á bls. 26 til 29. Í honum er að finna nánari upplýsingar um foreldrasamvinnu.

### **Foreldraráð**

Vegna sérstöðu Lundar sem ungbarnaleikskóla er foreldraráð ekki kjörið fyrr en að hausti. Foreldrakjör fer fram á hverju leikskólaári.

- Þrjú fulltrúar sitja í foreldraráði.
- Foreldraráð starfar skv. 11. gr. laga um leikskóla frá 2008.
- Foreldraráð setur sér starfsreglur.

### **Foreldraviðtöl**

Allir foreldrar fá:

- Tvö foreldraviðtöl á leikskólaárinu (að öðru leyti eftir óskum)
- Umsögn varðandi barn sitt á vor/sumarönn.



## 9 Fylgigögn

- 9.1 Leikskóladagatal Lundar
- 9.2 Langtímaplan
- 9.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs berst í sept/okt. 2023.

F. h. leikskólans Lundar

---

Leikskólastjóri

Dagsetning







## **Starfsáætlun 2023 - 2024**

### **Leikskólinn Lundur**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

- Ingibergur Ragnarsson, formaður.
  - Barn: Ingibergur Frans Ingibergsson
- Jóhanna Dröfn Stefánsdóttir, ritari.
  - Barn: Hrafnkatla Daníelsdóttir
- Gísli Örn Reynisson Schramm, meðstjórnandi.
  - Barn: Max Manúel Schramm

#### **Aðalnámskrá og skólanámskrá leikskólans Lundi.**

Samkvæmt VI. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Hjá leikskólanum Lundi liggur fyrir ítarleg skólanámskrá sem foreldraráð hefur kynnt og er hún aðgengileg í leikskólanum. Að mati foreldraráð uppfyllir skólanámskrá leikskólans Lundi þau skilyrði sem kveðið er á um í 14. gr. leikskólalaga. Að mati foreldraráðs er skólanámskráin mjög metnaðarfull og eru þeir foreldrar sem skipa foreldraráðið þess fullvissir að skólanámskránni sé raunverulega fylgt eftir í starfi leikskólans.

#### **Starfsáætlun leikskóla**

Leikskólinn Lundur hefur gefið út starfsáætlun vegna skólaársins 2023 -2024 sem foreldraráð er með undir höndum og hefur kynnt sér. Meðfylgjandi fyrirbyggjandi starfsáætlun er dagatal vegna

leikskólaársins 2023 - 2024. Líkt og á við um skólanámskrá leikskólans er fyrirbyggjandi starfsáætlun ítarleg og vel unnin. Í starfsáætlun leikskólans er greint frá ytra og innra mati leikskólaársins og þá er einnig að finna þar töflu yfir umbótaverkefni auk fræðsluáætlunar fyrir leikskólaárið. Að mati foreldraráðs gefur starfsáætlunin skýra mynd af starfsemi leikskólans og því starfi sem fram innan veggja leikskólans. Er það upplifun þeirra foreldra sem skipa foreldraráðið að starfsáætlunin endurspegli það góða starf sem fer fram í leikskólanum og er sammála þeim sjónarmiðum sem koma fram í starfsáætluninni varðandi stefnu og áherslur leikskólans sem snýr að starfi leikskólans.

### **Mat á leikskólastarfi**

Foreldrar barna á Leikskólanum Lundi eru mjög ánægð og glöð með starfið sem þar fer fram. Börnin eru glöð og virðast alltaf spennst að mæta. Starfsfólkið er einkar faglegt og nær vel til barnanna. Allt starf ef þaulskipulagt og hentar einkar vel börnum upp undir 2 ára. Sköpunargleðinni fær að njóta sín og tenging við náttúruna er mikil. Söngur og dans spilar líka stóran þátt í starfinu, börnunum til mikillar ánægju. Maturinn sem börnin fá er fjölbreyttur og næringarríkur og börnin virðast mjög ánægð með hann.

### **Umsögn foreldraráðs**

Foreldraráð hefur kynnt sér námskrá og starfsáætlun Lundar 2023 - 2024. Einnig hefur foreldraráð kynnt sér þá stefnu og framtíðarsýn sem unnið er eftir í leikskólanum Lundi 2023 2024. Þá hafa þeir aðilar sem skipa foreldraráð reynslu af því að vera með börn á Lundi sem kemur að gagni við mat á starfi leikskólans. Loks hefur foreldraráð átt samtöl við starfsfólk og stjórnendur í leikskólanum Lundi um það starf sem fer fram og þá stefnu sem unnið er eftir. Foreldraráðið telur sig því hafa góða og yfirgripsmikla þekkingu á starfi og stefnu leikskólans.

Hér að framan hefur verið fjallað um upplifun foreldraráðs á starfi og stefnu leikskólans í tengslum við skólanámskrá og starfsáætlun. Að auki við það sem að framan greinir vill foreldraráð koma eftirfarandi atriðum á framfæri

- Eftir að hafa kynnt sér starf og stefnu leikskólans auk þess að hafa reynslu af starfi leikskólans er það mat foreldraráðs að Lundur er sérstaklega vel heppnað úrræði í leikskólamálum ungbarna.
- Er það skoðun foreldraráðs að mikilvægt sé að starfsfólks leikskólans sé viðmótsblítt og sinni starfi sínu af fagmennsku og leggi sig fram við að láta bæði börnum og foreldrum líða vel með að barnið sé í þeirra umsjá. Að mati foreldraráð virðist almenn og mikil ánægja á meðal foreldra með það starfsfólk sem hefur valist í störf leikskólans.

- Foreldraráð lýsir yfir ánægju með regluleg foreldrasamtöl sem eiga sér stað í leikskólanum. Samtölin eru bæði upplýsandi og lærdómsrík fyrir foreldra þeirra barna sem eru á leikskólanum.
- Foreldraráð lýsir einnig yfir mikilli ánægju með hversu auðveld og persónuleg samskipti við starfsfólk og leikskólastjóra Lundar eru. Upplýsingagjöf er góð og samskipti við starfsfólk auðveld og aðgengileg.
- Foreldraráð vill benda á ástand malarvegjar sem liggur upp að leikskólanum. Hann er holóttur og þýrlast ryk upp af honum við ákveðnar aðstæður. Rykið gæti vel borist yfir á leikvöll og útisvæði barnanna, þar sem sum þeirra m.a. sofa á daginn. Krafist er úrbóta.
- Foreldraráð telur óhætt að fullyrða að allir foreldrar myndu glaðir kjósa Lund sem leikskóla fyrir komandi kynslóðir barna sinna.


Virðingarfyllst,

SIGN

Ingibergur Ragnarsson

SIGN

Jóhanna Dröfn Stefánsdóttir



Gísli Örn Reynisson Schramm

# Leikskóladagatal 2023 - 2024

SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F	1. S	1. M	Jólabæna hefst. 1. F. Fullveldisdagurinn	1. M. Nýársdagur	1. F	1. F. Starfsbr. viðtöl	1. M. Annar í Páskum	1. M. Verkalýðsdagurinn	1. L	1. M. Sumarokun
2. L	2. M	2. F	2. L	2. Þ. Skipulagsdagur	2. F	2. L	2. Þ. Skipulagsdagur	2. F	2. S. Stjórnadagurinn	2. Þ. Sumarokun
3. S	3. Þ	3. F	3. S	3. M	3. L	3. S	3. M	3. F. Stjórnarfundur	3. M. Foreldra viðtöl	3. M. Sumarokun
4. M	4. M	4. L	4. M	4. F	4. S	4. M. Starfsbr. viðtöl	4. F	4. L	4. Þ. Foreldra viðtöl	4. F. Sumarokun
5. Þ	5. F. Haustþema hefst.	5. S	5. Þ	5. F. Jólabæna lýkur	5. M	5. Þ	5. F	5. S	5. M. Foreldra viðtöl. Foreldra viðtöl.	5. F. Sumarokun
6. M	6. F	6. M	6. M	6. L. Prettdáinn	6. Þ. Dagur leikskólans. Dagur	6. M	6. L	6. M	6. F. Skólaslit	6. L
7. F	7. L	7. Þ	7. F	7. S	7. M. Tónlistarskólans	7. F	7. S	7. Þ	7. F. Foreldra viðtöl	7. S
8. F. Stjórnarfundur	8. S	8. M. Baráttudagur gegn Einhelti	8. F	8. M	8. F. Stjórnarfundur Starfsmf.	8. F. Vetrarþema lýkur	8. M	8. M	8. L	8. M. Sumarokun
9. L	9. M	9. F	9. L	9. Þ	9. F. Endumat	9. L	9. Þ	9. F. Uppstigningardagur	9. S	9. Þ. Sumarokun
10. S	10. Þ	10. F	10. S	10. M	10. L	10. S	10. M	10. F	10. M. Foreldra viðtöl	10. M. Sumarokun
11. M	11. M	11. L	11. M	11. F	Dagur íslenska táknmálsins	11. M	11. F	11. L	11. Þ. Foreldra viðtöl	11. F. Sumarokun
12. Þ	12. F	12. S	12. Þ	12. F. Fréttabréf	12. M. Bolludagur	12. Þ	12. F	12. S	12. M. Foreldra viðtöl	12. F. Sumarokun
13. M	13. F	13. M	13. M	13. L	13. Þ. Sprengidagur	13. M	13. L	13. M	13. F. Foreldra viðtöl	13. L
14. F	14. L	14. Þ	14. F	14. S	14. M. Óskudagur Starfsmf. Vinnu/umsókna þema	14. F. Dagur stærðfræðinnar Starfsmf. Endumat.	14. S	14. Þ	14. F. Foreldra viðtöl	14. S
15. F	15. S	15. M	15. F	15. M. Vetrarþema hefst	15. F. bama	15. F. Skipuagsv.	15. M	15. M	15. L	15. M. Sumarokun
Dagur íslenskrar náttúru	16. M	16. F. Dagur íslenskrar tungu	16. L	16. Þ	16. F	16. L	16. Þ	16. F	Menntastefnumót sam. starfsdagur	16. S
17. S	17. Þ	17. F	17. S	17. M	17. L	17. S	17. M	17. F	17. M. Lyðveldisdagurinn	17. M. Sumarokun
18. M. Fréttabréf	18. M	18. L	18. M	18. F	Konudagur - Upphaf Góu	18. M. Vor og sumarþema hefst.	18. F	18. L	18. Þ. Foreldra viðtöl	18. F. Sumarokun
19. Þ	19. F	19. S	19. Þ	19. F. Bondadagur - Upphaf Þorra	19. M. Vetrarfrí í grunnskólum	19. Þ. Vetrarfrí í grunnskólum	19. F	19. S. Hvítasunnudagur	19. M. Foreldra viðtöl	19. F. Sumarokun
20. M	20. F. Starfsmf. Endumat.	20. M. Dagur mannréttinda þema	20. M	20. L	20. L	20. Þ	20. M	20. M. Annar í Hvítasunnu	20. F. Foreldra viðtöl	20. L
21. F. Skipuagsv.	21. L	21. Þ	21. F	21. S	21. M	21. M	21. F	21. Þ	21. F. Foreldra viðtöl	21. S
22. F	22. S	22. M	22. F	22. M. Skipulagsdagur	22. M	22. F	22. M	22. M	22. L	22. M. Sumarokun
23. L	23. M	23. F	23. L. Þortáksmessa	23. Þ	23. F. Starfsbr. viðtöl hefjast	23. L	23. Þ	23. F	23. S	23. Þ. Sumarokun
24. S	24. Þ	24. F. Starfsmf. Endumat. Skipuagsv.	24. S. Aðfangadagur jóla	24. M	24. L	24. S. Pálmasunnudagur	24. M. Vinna við umsagnir þema	24. F. Sumardagurinn	24. M. Foreldra viðtöl	24. M. Sumarokun
25. M	25. M	25. L	25. M. Jóladaur	25. F	25. S	25. M	25. F. Sumardagurinn Fyrsti	25. L	25. Þ	25. F. Sumarokun
26. Þ. Evrópski tungumáladaurinn	26. F. Vetrarfrí í grunnskólum	26. S	26. Þ. Annar í jólum	26. F. Starfsmannafundur	26. M. Starfsbr. viðtöl	26. Þ	26. F. Fréttabréf	26. S	Fæðingardagur Morfseta Íslands	26. F. Sumarokun
27. M	27. F. Vetrarfrí í grunnskólum	27. M. Haustþema lýkur	27. M	27. L	27. Þ. Starfsbr. viðtöl	27. M. Skipulagsdagur	27. L	27. M. Foreldra viðtöl	27. F	27. L
28. F	28. L. Fyrsti vetrardagur	28. Þ	28. F	28. S	28. M. Starfsbr. viðtöl	28. F. Skírdagur	28. S	28. Þ. Foreldra viðtöl	28. F. Skipulagsdagur	28. S
29. F	29. S	29. M	29. F	29. M. Stjórnarfundur	29. F. Starfsbr. viðtöl	29. F. Föstudagurinn langi	29. M	29. M. Foreldra viðtöl	29. L	29. M. Sumarokun
30. L	30. M. Starfsmannafundur	30. F. Fréttabréf	30. L	30. Þ	30. L	30. L	30. Þ. Starfsmf. Endumat. Skipuagsv.	30. F. Foreldra viðtöl	30. S	30. Þ. Sumarokun
	31. Þ. Stjórnarfundur		31. S. Gamlársdagur	31. M		31. S. Páskadagur		31. F. Foreldra viðtöl		31. M. Sumarokun

### Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

### Fylgiskjal 3

#### Langtímaplan leikskólaárið 2023 - 2024

#### Ytra mat

Í Lundi er starfandi matsteymi sem í sitja leikskólastjóri, faglegur stjórnandi og starfsmannastjóri. Þeir vinna ýmist saman að matinu eða skipta því með sér. Matsteymið sér um að kynna umbæturnar fyrir starfsfólki, sér um að þeim sé framfylgt og gerir nýjar áætlanir. Til viðmiðunar nýtir matsteymið sér:

- Viðmið og vísbendingar, útgefið af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur 2014.
- Aðalnámskrá leikskóla, útg. af Menntamálaráðuneyti 2011,
- Námskrá leikskólans Lundar,
- Leiðbeiningar um Innra mat leikskóla, unnið af Sigríði Sigurðardóttur fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2016.

Viðfangsefni	2018-2019	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
--------------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------

#### Stjórnun

Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi					X
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur					X
Faglegt samstarf					X
Leikskólaþróun og starfsþróun	X				
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X	X	X	X	X

#### Uppeldis- og menntastarf

Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X	X
Uppeldi menntun og starfshættir	X	X	X	X	X
Leikur og nám- lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X			X	
Námssvið leikskólans	X				X
Leikskóli án aðgreiningar					X
Mat á námi og velferð barna	X	X		X	X

#### Mannauður

Hlutverk leikskólakennara		X			X
Fagmennska starfsfólks				X	
Starfsánægja	X				X

Viðfangsefni	2018-2019	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
--------------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------

### Leikskólabragur

Viðmót og menning					X
Velferð og líðan barna	X	X	X	X	X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun					X
Viðhorf foreldra					x

### Innra mat

Framkvæmd					X
Gagnaöflun og vinnubrögð					X

Gagnaöflun og greining.

- Á ári hverju fer matsteymi Lundar í gegnum námskrá leikskólans og starfsáætlun og ræðir þáverandi stöðu leikskólans út frá þeim áætlunum sem þar eru gerðar. Stuðst er við *Viðmið og vísbendingar* við matið.
- Börnin í Lundi eru ung og aðeins þau elstu eru farin að tjá sig með tali. Á þau er hlustað en fylgst er með öllum börnunum, ánægju þeirra og gleði, óánægju og leiða. Út frá þessum þáttum er lesið í aðstæður, erum við á réttari leið eða ekki.
- Starfsmenn Lundar eru hvattir til þess að koma með ábendingar til leikskólastjóra um það sem betur má fara í starfinu/skipulaginu. Síðan er málið skoðað ofan í kjölinn og annað tveggja gert; að breyta því sem breyta þarf eða benda viðkomandi á aðra og betri leið.
- Starfsmenn eru hvattir til þess að ræðast við og benda á það sem betur mætti fara og hrósa fyrir það sem vel er gert.
- Í foreldraviðtölum eru foreldrar spurðir um velferð og líðan barna þeirra.
- Í starfsmannaviðtölum eru viðhorf starfsmanna og gengi þeirra í starfinu rædd. Nýttir eru gátlistar frá *Leiðbeiningum um innra mat leikskóla, 2016*.
- Á starfsmannafundum er innra mat rætt. Þyki ástæða til og reynist breytingar ekki til bóta er lagt fyrir fundinn að finna aðra leið og færari.
- Allar tillögur starfsfólks eru vel þegnar og greindar. Þegar umbætur eru metnar og þeim forgangsraðað er notað greiningartækni frá *Leiðbeiningum um innra mat leikskóla, 2016*.

<b>A</b>	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.
<b>B</b>	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Styrkleikar eru fleiri en veikleikar.
<b>C</b>	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Veikleikar eru fleiri en styrkleikar.
<b>D</b>	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Ef þessi skali er notaður þá gætu allar vísbendingar sem fá einkunina A talist til styrkleika en C og D þarfnast umbóta.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðar- aðilar
<b>Stjórnun</b>					
Námskrá Lunda- rar, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.	Endurskoðun Námskrár Lunda- rar með tilliti til hugsanlegra breytinga laga og reglugerða.	Námskrá Lunda- rar stenst Aðalnámskrá leikskóla, Lög og reglugerðir Mennta- og menningar- málaráðuneytis og Skólastefnu Reykjavíkurborgar.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Aðalnámskrá Mennta- og menningarráðun.</li> <li>• Barnaverndarlög</li> <li>• Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna</li> <li>• Skólastefna Reykjavíkurborgar</li> <li>• Handbók um öryggi og velferð barna í leikskólanum.</li> </ul>	Hafið. Lýkur nóv. 2022.	Leikskólastjóri.
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>					
Skipulag náms og námsaðstæður.	Með auknum námstækifærum barnanna, sveigjanleika starfsfólks og innan húsnæðis.	Í Lundi er gott og samþætt námsumhverfi sem styður við og örvar alhliða þroska barnanna.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Aðalnámskrá mennta- og menningarráðuneytis,</li> <li>• Skólastefna Reykjavíkurborgar</li> <li>• Námskrá Lunda- rar</li> <li>• Með samræðum</li> </ul>	Gagnaöflun og greiningu verður lokið í nóv. 2022.	Matsteymi/ Stjórnarteymi.
Uppeldi menntun og starfshættir.	Skapa aukið svigrúm vegna hreyfiþarfar barnanna í leik og samskiptum.	Í Lundi fá börnin viðfangsefni við hæfi og stuðning við námshvöt sem birtist í sjálfsprott- num athöfnum og áhuga.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Aðalnámskrá mennta- og menningarráðuneytis,</li> <li>• Skólastefna Reykjavíkurborgar</li> <li>• Námskrá Lunda- rar</li> <li>• Með samræðum</li> <li>• Viðbrögðum barnanna.</li> </ul>	Hafið og lýkur í okt. 2022.	Matsteymi og stjórnarteymi.
Mat á námi og velferð barna.	Í Lundi sitja allir við sama borð.  Tryggja að börnin fái þá menntun og umönnun sem þeim ber.	Lundur uppfyllir þarfir og möguleika allra barna.  Sjá Leiðarljós Lunda- rar bls. 2 í Námskrá Lunda- rar.	Skýrsla um eflingu sjálfsmyndar og félagsfærni barna. Gátlistar og samræður.	Gagnaöflun og greining. lokið í okt. 2022.	Matsteymi/ Stjórnarteymi.



Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðar- aðilar
<b>Mannauður</b>					
Hlutverk leikskólakennara.	Að leikskóla- kennarar miðli starfsmönnum af faglegri þekkingu sinni með áherslu á þemu leikskólans.	Faglegri vinna starfsmanna í daglegu starfi.	Þemu Lundar ásamt gögnum sem þemun byggja á.	Hafið og lýkur í okt. 2022.	Stjórnarteymi.
<b>Leikskólabragur</b>					
Velferð og líðan barna.	Horft verði til Stefnu og einkunnarorða leikskólans í Námskrá Lundar. Þau eru: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Virðing</li> <li>• Væntumþykja</li> <li>• Vellíðan</li> <li>• Virkni.</li> </ul> Byrjað verður á að skilgreina <b>Virðingu</b> og horfa á hvernig hún birtist í Lundi.	Í Lundi kemur fólk fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálf.  Hver einstaklingur fær góða og jákvæða upplifun þegar hann speglar sig í augum starfsfólksins og hinna barnanna.	Námskrá Lundar  Sjálfskoðun: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samskipti starfsmanna.</li> <li>• Samskipti starfsmanna og barna.</li> <li>• Samskipti barnanna.</li> <li>• Samskipti starfsmanna og foreldra.</li> </ul>	Gagnaöflun og greining.  Hafið og lokið í nóv. 2022.	Matsteymi/ Stjórnarteymi.

## Heimildaskrá:

1. *Aðalnámskrá leikskóla.* (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Reykjavík.  
Sótt af:  
[https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk\\_vefur.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf)
2. Barnaverndarlög 2002 nr. 80 10. Maí  
Sótt af:  
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2002080.html>
3. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna  
Sótt af:  
<https://barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>
4. *Námskrá leikskólans Lundar.*
5. Menntastefna Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast*  
Sótt af  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt\\_efni/menntastefna\\_rvk\\_20x20-lores22.02.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf)
6. Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum  
Sótt af:  
[https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok\\_leikskola.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok_leikskola.pdf)
7. Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat leikskóla.* Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið 2016.  
Sótt af:  
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4f5977cd-52a6-11e7-941a-005056bc530c>
8. Björk Ólafsdóttir, Berglind Hansen, Hrafnkell Tjörvi Stefánsson, Jónína Konráðsdóttir, Kristín Hildur Ólafsdóttir, Lena Sólborg Valgarðsdóttir, Sigríður Marteindóttir og Sigrún Einarsdóttir 2014. Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat leikskóla. Reykjavík: Reykjavíkurborg. Sótt af:  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/1\\_vidmid\\_og\\_visbendingar\\_2\\_prentun.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/1_vidmid_og_visbendingar_2_prentun.pdf)
9. Skýrsla starfshóps um eflingu sjálfsmýndar og félagsfærni barna/nemenda í leik- og grunnskólum  
Sótt af:  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/skyrsla\\_starfshops\\_sjalfsmynd\\_felagsf.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla_starfshops_sjalfsmynd_felagsf.pdf)

